

## STÆF1FB03 Námsáætlun haustönn 2021

<b>Kennari</b>	Ragnheiður Gunnbjörnsdóttir	<b>Sk.st.</b>	RGU
----------------	-----------------------------	---------------	-----

### Áfangalýsing:

Í áfanganum er lögð megináhersla á grunnatriði í stærðfræði. Nemandinn færst við útreikninga og stærðfræðileg hugtök sem notuð eru í daglegu lífi. Áhersla er á að nemandinn tileinki sér aðferðir við lausn verkefna sem henta honum og að hann geti unnið að eigin lausn verkefna einn og með öðrum. Aðalmarkmið áfangans er að vekja áhuga nemands á stærðfræði og hagnýtingu hennar. Lögð er áhersla á að nemandinn fái jákvæða mynd af stærðfræði og getu sinni til að leysa mismunandi stærðfræðileg viðfangsefni. Sömuleiðis að nemandinn öðlist aukið sjálfstraust og vilja til að ná markmiðum sínum.

### Markmið:

Nemandi skal hafa öðlast **þekkingu og skilning** á:

- reikniaðgerðum
- forgangsröð reikniaðgerða
- reikniaðgerðum með almennum brotum og tugabrotum
- grunnatriðum í prósentureikningi
- mikilvægi einfaldrar stærðfræði í daglegu lífi

Nemandi skal hafa öðlast **leikni** í að:

- beita reikniaðgerðum við lausn verkefna
- beita forgangsröðun aðgerða í einföldum dæmum
- nota algeng stærðfræðitákni og túlka þau í mæltu máli
- reikna einföld prósentuverkefni
- reikna almenn brot og tugabrot
- eiga samtalið við samnemendur við úrlausn hópverkefna
- nota reiknivélina við úrlausn einfaldrar dæma

Nemandi skal geta **hagnýtt** þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vinna skipulega að lausn dæma
- vinna sjálfstætt og í samvinnu við aðra með ýmis konar aðferðir í stærðfræði
- miðla lausnum sínum
- skilja einfaldrar reikniaðgerðir, prósentureikning, brotareikning og forgangsröð aðgerða
- skiptast á skoðunum við lausn fjölbreyttra verkefna
- útskýra einfaldrar fjölmiðlaumfjöllun þar sem tölur koma við sögu
- skilja áreiðanleika svara

### Námsgögn:

Tegund	Námsgögn: nafn bókar og önnur gögn
Bækur	Allt með tölu eftir Sigurlaugu Kristmannsdóttur. Mál og menning 2011.
Ljósrit	I heimaverkefni og aukaverkefni samin af konnara.

## STÆF1FB03 Námsáætlun haustönn 2021



### Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:

Vika	Dags.	Námsefni (bóklegur hluti)	Verkefni og vægi námsmatsþátta
33.	16. - 20. ágúst	Farið yfir námsáætlun og fyrirkomulag komandi annar. Kafli 1.	Kaup á námsbók, vasareikni, skriffærum og reikningsbók. Kafli 1, bls. 9 - 17 og efni frá kennara.
34.	23. - 27. ágúst	<b>Reikniaðgerðirnar 4</b> ; samlagning (að geyma) og frádráttur (að taka til láns), margföldun og deiling.	Áfram unnið í kafla 1, bls. 9 - 18 og í öðru upprifjunarefni frá kennara. <b>Tímaverkefni: Reikniaðgerðir (10%).</b>
35.	30. ág. - 3. sept.	<b>Forgangsröð</b> , reiknimerki og svigar. Að vinna með jákvæðar og neikvæðar tölur, uppröðun og útreikningar.	Kafli 2, bls. 19 - 26 og efni frá kennara. <b>Hagnýtt verkefni lagt fyrir.</b>
36.	6. - 10. sept.	<b>Forgangsröð aðgerða</b> . Áhrif sviga og reikniaðgerða á forgangsröð.	<b>Hagnýtt verkefni í skil - Hvað kostar að stunda nám í framhaldsskóla 1 önn? (10%)</b> Kafli 2, bls. 27 - 34 og efni frá kennara. <b>Heimadæmi 1 (5%).</b>
37.	13. - 17. sept.	<b>Forgangsröð aðgerða</b> . Áhrif sviga og reikniaðgerða á forgangsröð.	Kafli 2, bls. 27 - 34. <b>Leiðbeinandi próf 1: Efni úr kafla 1 og 2, (10%).</b>
38.	20. - 24. sept.	<b>Almenn brot</b> ; lenging, stytting, blandnar tölur og óeiginleg brot.	Kafli 3, bls. 35 - 42 og efni frá kennara.
39.	27. sept. - 1. okt.	<b>Almenn brot</b> ; samlagning og frádráttur brota. Að finna samnefnara.	Kafli 3, bls. 43 - 50 og efni frá kennara. <b>Heimadæmi 2 (5%).</b>
40.	4. - 8. okt.	<b>Almenn brot</b> ; heilar tölur og brot. Margföldun og deiling.	Kafli 3, bls. 51 - 57 og efni frá kennara.
41.	11. - 15. okt.	<b>Almenn brot</b> ; heilar tölur og brot. Margföldun og deiling.	Kafli 3, bls. 58 - 63 og efni frá kennara. <b>Kaflapróf 1: Efni úr kafla 3 (10%).</b>
42.	18. - 22. okt. 18. og 19. vetrarfrí	<b>Bókstafareikningur</b> , samlagning, frádráttur, margföldun og deiling.	Kafli 4, bls. 69 - 74 og efni frá kennara.
43.	25. - 29. okt.	<b>Bókstafareikningur</b> , formerki og svigar.	Kafli 4, bls. 75 - 78 og bls. 82.
44.	1. - 5. nóv.	<b>Jöfnur</b> - óþekkta stærðin.	<b>Kaflapróf 2: Bókstafareikningur (10%).</b> Kafli 5, bls. 95 - 100.
45.	8. - 12. nóv.	<b>Jöfnur</b> - óþekkta stærðin.	Kafli 5, bls. 101 - 106 og 111.
46.	15. - 19. nóv.	<b>Prósentureikningur</b> í daglegu lífi.	<b>Kaflapróf 3: Jöfnur (10%).</b> Efni frá kennara.
47.	22. - 26. nóv.	<b>Prósentureikningur</b> í daglegu lífi.	Efni frá kennara. <b>Heimapróf - Prósentureikningur: (10%).</b>
48. og 49.	29. nóv. - 3. des. 6. des, lokaverkefnisdagur	Unnið í lokaverkefni.	Efni frá kennara.

STÆF1FB03  
Námsáætlun haustönn 2021

**Námsmat og vægi námsmatspáttar:**

Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatspættir	Lýsing námsmatspáttar		Vægi
Tímaverkefni með aðstoð kennara	Kennari má aðstoða við úrlausn dæma.		10%
Heimadæmi	Tvisvar yfir önnina, hvort um sig gildir 5%.		10%
Leiðbeinandi próf	Nemendur geta skilað tvisvar, meðaltalseinkunn gildir.		10%
Hagnýt stærðfræði	Verkefni úr daglega lífinu.		10%
Kaflapróf 1	Viðfangsefni almenn brot.		10%
Kaflapróf 2	Viðfangsefni bókstafareikningur.		10%
Kaflapróf 3	Viðfangsefni jöfnur.		10%
Heimakönnun	Könnun í prósentureikningi, tekið á heimili nemenda.		10%
Lokaverkefni	Verkefni unnið úr efni annarinnar.		20%
	<b>Samtals:</b>		<b>100%</b>

**Einkunnir fyrir hvern námsmatspátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.**

**Annað:**

Sannist að nemendur hafi notað forrit (eins og Photomath) við að leysa verkefni í þessum námspáttum fá þeir 0 fyrir þann þátt.

**Dagsetning: 16. ágúst 2021**

  
Undirritun kennara

  
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils